



KOMINNTÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

35. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 24. október 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld



Áb. Sigurður Gunnlaugsson Ifs.

Komdu með
fasteignina þína
í sölu hjá okkar.

Fyrir hverja eign
styrkjum við
Bleiku slaufuna.

Hringdu og
kynntu þér málið:
520 9595



Við leggjum þessu
málefni lið.



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HÁRNINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára



Síðasti Stjörnudansinn

Það verður sjálfsgagt nokkuð sérstök og tilfinningaþrungin stund á Samsungvelli-
inum á laugardaginn þegar Stjarnan mætir
FH í lokaleik Bestu-deildarinnar kl. 16:15.

Það er ekki nóg með að Stjarnan sé að berjast
fyrir Evrópusæti heldur munu þrír leikmenn

liðsins, sem hafa skrifað sig í sögubækur
félagsins, kveðja eftir leikinn, en þetta er
goðsögnin í Garðabæ, Daniel Laxdal, markahrókurinn Hilmar Ární Halldórsson og varnarjafninn Þórarinn Ingi Valdimarsson.

Sjá framhald á blaðsíðu 2 og viðtal við Daniel Laxdal á blaðsíðu 8 og Þórarinn Inga á bls. 14.

KOMINNTÍMI Á
SKOÐUN?

Verið velkominn
með bílinn í skoðun,
þið finnið næstu
skoðunarstöð á
frumherji.is

HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTAIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND

FASTAIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Garðabær fær 2,5 milljónir til að hreinsa plast á víðavangi og í ruslabiðum



Garðabær fær greiddar kr. 2.500.528 frá Úrvinnslusjóði vegna söfnun plastvara á víðavangi fyrir árin 2023 og 2024, en Garðabæ barst á dögunum bréf frá Úrvinnslusjóði um fyrirkomulag til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi.

Í bréfinu kemur m.a. fram að að stjórn Úrvinnslusjóðs hafi samþykkt að greiða til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags fyrir árin 2023 og 2024, en greiðslan nemur 262 kr/kg og hlutfall Garðabæjar því kr. 2.500.528..

Plast við Vífilsstaðavatn

Samkvæmt Úrvinnslusjóði er forsenda greiðslna að Garðabær leggi fram staðfestingu á ráðstöfun fjár til hreinsunar á víðavangi og hreinsunar á ruslabiðum. Skila þarf inn gögnum til Úrvinnslusjóðs fyrir 31. desember 2024. Jafnframt er óskað eftir ítarlegri upplýsingum, liggi þær fyrir, varðandi magn úrgangs sem safnaðist úr hreinsun á víðavangi og ruslabiðum á vegum sveitarfélagsins ásamt upplýsingum um kostnað vegna hreinsunar fyrir framangreind ár.

Framhald af forsiðu Síðasti dansinn

Tækifæri að þakka þeim fyrir allt sem þeir hafa gert á Samsungvöllum á laugardaginn

Þeir hafa allir skilað frábæru starfi fyrir Stjórnuna en Daníel og Hilmar eru tveir af fremstu leikmönnum í sögu félagsins. Daníel hefur spilað vel yfir 500 leiki fyrir félagið og var lengi vel fyrirliði og Hilmar Árni hefur raðað inn mörkum fyrir Stjórnuna frá 2016 og er markahæsti Stjórnmaðurinn í efstu deild. Þórarinn Ingi hefur leikið með Stjórnunni frá 2018 og hjálpaði liðinu að vinna sinn fyrsta bikarmeistaratítill árið 2018.



Hilmar Árni markahæsti leikmaður Stjórnunar frá upphafi í efstu deild

Eiga skilið að fólk fylli völlum á laugardaginn

„Liðið og þessir leikmenn eiga skilið að fylla völlum í sínum síðasta leik. Þetta er



Velkomin á Samsungvöllum á laugardaginn! Daníel og Tóti ásamt Hilmar Árna leika sinn síðasta leik fyrir Stjórnuna á Samsungvöllum á laugardaginn er FH ingar mæta í heimsókn. Þeir eiga sannarlega skilið að bæjarbúar og stuðningsmenn Stjórnunar fjölmenni á leikinn og þakki þeim fyrir frábær ár með félaginu

tækifærið til þess að þakka þeim fyrir allt sem þeir hafa gert – fyrir augnablikin sem munu lifa í minningum okkar um ókomna tíð. Einnig lifir ennþá von um Evrópusætið og þar af leiðandi er stuðningurinn ekki síður mikilvægur í þeirri baráttu,” segir í tilkynningu Stjórnunar.

Þess má geta að Hilmar Árni hefur alls spilað 428 KSÍ-leiki og skorað 144 mörk, en hann er að fara að snúa sér að þjálfun

og mun taka við 4. flokki kvenna og 3. flokki karla hjá Stjórnunni.

Þórarinn Ingi segist ekki endilega vera hættur. „Ég hef ekkert gefið út að ég sé hættur þannig séð, minn tími í Stjórnunni er bara kominn á enda. Nú tekur bara frí við hjá manni og ef það kemur einhver löngun hjá mér eftir það skoða ég það,” segir Þórarinn, en viðtal við hann er hægt að sjá á blaðsíðu 12.

Vinna hafin við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vífilsstaðavatn



Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fríðlandið Vífilsstaðavatn. Áætlunin mun verða stefnumótandi skjal þar sem sett verða fram markmið til að marka stjórnun og viðhalda verndargildi svæðisins.

Verkefnastjórn og ritstjórn stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð hennar eiga einnig sæti fulltrúar frá Garðabæ og Skógræktarfélagi Reykjavíkur einnig verður Náttúrufræðistofnun Íslands til ráðgjafar við nefndina.

Í vinnuferlinu er samráð afar mikilvægt og er óskað eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast geta við gerð áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að formlegt kynningarferli hefjist á vormisseri 2025 og að lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar verði tilbúin haustið 2025.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Vefmiðill Garðapóstsins

www.kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Twitter.com/Gardapostur

Instagram.com/Gardaposturinn



Audley Maili
42.990 kr.



Audley Telma
43.990 kr.



Audley Berta
34.990 kr.

Ný glæsileg Audley sending

komin í verslanir og vefversun

apríl

Garðatorg 6, sími 551 5021 | Kringlan, sími 551-5024 | aprilskor.is

Alrafmagnaður Kia EV9.

Bíll ársins
Rafbíll ársins



Movement that inspires

EV9 er alrafmagnaður jeppi með allt að 522 km drægni og 2.500 kg dráttargetu.
Ofurhröð hleðsla í allt að 249 km drægni á aðeins 15 mínútum.

Verð frá 13.490.777 kr.

Komdu og reynsluaktu.

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:
Askja Vesturlandi, Bílasala Austurlands, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur Akureyri, K.Steinarsson

* Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 31. október

Síðasti skiladagur föstudaginn 25. október
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

Vilja seinka upphafi skóladags í á unglíngastigi í Garðabæ

Garðabæjarlistinn hefur lagt fram tillögu að stofnun starfshóps vegna seinkunar á upphafi skóladags á unglíngastigi, en það var Harpa Þorsteinsdóttir sem bar tillöguna upp fyrir hönd Garðabæjarlistans á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku og lagði fram greinargerð.

Greinargerð Garðabæjarlistans:

„Góður svefn er öllum nauðsynlegur til að geta tekist á við viðfangsefni dagsins. Svefn hefur meðal annars jákvæð áhrif á ónæmiskerfið, á námsgetu og einbeitingu, hjálpar heilanum að festa upplýsingar í minni og er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska barna.

Umræða um seinkun skólabyrjunar í Garðabæ er ekki ný af nálinni. Það er áskorun fyrir skólana að taka þetta skref og sérstaklega ef að sveitarfélagið styður ekki vel við bakið á þeim því breytingin á sér ekki eingöngu stað innan skólanna. Það þarf að rýna vel hvernig skipulag sveitarfélagsins styður við og ég hef fulla trú á því að tækifærin séu til staðar í okkar góða samfélagi.

Við viljum fjárfesta í heilsunni með aðgerðum sem stuðla að bættum svefni. Við þurfum að þora að taka skrefið og seinka skólabyrjun á unglíngastigi ásamt því að auka vægi fræðslu um mikilvægi svefns. Þannig getum við stutt við heilbrigða framtíð, með mótvægisáðgerð eins



Sjalandskóli í Garðabæ



Harpa Þorsteinsdóttir
bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans

og að seinka skólabyrjun lengjum við svefn ungmenna og erum með því að sporna við þeim áhættuþáttum sem við erum að takast á við í auknum mæli í samfélaginu, t.d. streitu og kvíða.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur með fulltrúum skóla, íþróttar og tómtunda í Garðabæ, sem verði falið að leggja grunn að breiðu samráði um mögulegar leiðir til að seinka upphafi skóladags í á unglíngastigi í Garðabæ. Mikilvægt er að kalla eftir samráði við nemendur, kennara, starfsfólk, skólastjóra, fulltrúa íþróttar og tómtundastarfs ásamt því að tekið verði tillit til reynslu annarra sveitarfélaga sem nú þegar stefnt í þessa átt. Einnig er lagt til að starfshópurinn muni greina frá vinnu sinni til upplýsinga og umræðu til skólanefndar og íþróttar- og tómtundanevndar og þá sé stefnt að því skýrsla liggi fyrir 20. febrúar 2025.”

Lagt var til að tillögunni yrði vísað til umfjöllunar í skólanefnd grunnskóla, íþróttar- og tómtundaráði og í ungmennaráði.

Stór dagur hjá jeppaáhugafólki Land Cruiser 250 frumsýndur á laugardaginn

Laugardagurinn 26 október er stór dagur hjá jeppaáhugafólki og öðrum unnendum góðra bíla því þá verður nýr Land Cruiser 250 frumsýndur kl. 12 – 16 hjá Toyota Kaupþúni og öðrum viðurkenndum söluaðilum Toyota.

Billinn hefur að undan förnu verið prófaður við margvíslegar aðstæður allt frá borgarækstri til erfiðustu torfæruvega og stendur hann fyllilega undir væntingum sem þó voru ekki litlar.

Hér er Land Cruiser 250 í sinu náttúrulega umhverfi, við Einhyrning.

Ljósmynd: Björn Steinbekk



Loftorka Reykjavík bauð lægst í yfirborðsfrágang í Kumlamýri

Á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag voru lögð fram eftirfarandi tilboð í framkvæmdir yfirborðsfrágang 1. áfanga - Álfanes-miðsvæði, svæði 4, Kumlamýri og átti Loftorka Reykjavík lægsta tilboðið sem var töluvert undir kostnaðaráætlun

Grafa og grjót ehf. kr. 35.334.575,
Mostak ehf. kr. 35.063.950,
Stjörnugarðar ehf., kr. 35.428.300,
Loftorka Reykjavík ehf., kr. 30.699.000
og Stéttarfélagið ehf., kr. 42.485.900.
Kostnaðaráætlun kr. 45.273.500.

Bæjarráð samþykkti að taka tilboði lægstbjóðanda Loftorku Reykjavík ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins.





Toyota
Kauptúni

LAND CRUISER 250

STÆRSTA TOYOTA SÝNING ÁRSINS!
LAUGARDAGINN 26. OKTÓBER KL. 12:00–16:00

Komdu og upplifðu Land Cruiser 250 hjá Toyota Kauptúni. Söluráðgjafar taka vel á móti þér og stemningin verður engu lík.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.

Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni

Kauptún 6

570 5070



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULEFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Fjarðarkaup fremst í flokki dagvöruverslana samkvæmt Maskínu árið 2024



Ingibjörg Sveinsdóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Fjarðarkaupa og Rakei Gyða Pálsdóttir hjá Maskínu

Árlega gefur Maskína út veglegustu NPS mælingu á fyrirtækjum á íslenskum markaði og nú er komið að því að Meðmæling Maskínu 2024 líti dagsins ljós. Mælingin tekur til 193 fyrirtækja og er því sú allra umfangsmesta sem framkvæmd er á markaðnum.

Meðmæling Maskínu er þjónustukönnun þar sem stuðst er við NPS skor og fólk spurt hversu líklegt það sé til að mæla með þjónustu þeirra fyrirtækja sem það beinir viðskiptum sínum til. Tilgangur könnunarinnar er að vekja athygli á og hampa þeim fyrirtækjum sem veita almenningi frábæra þjónustu.

Ár hvert veitir Maskína þeim fyrirtækjum sem skara fram úr í 13 flokkum viðurkenningu auk þess sem þau fá til notkunar

afreksmerki Meðmælingar Maskínu. Líkt og í fyrra var það Indó sem reyndist hlutskarpast. Þar á eftir kom Tesla á Íslandi og Fjarðarkaup, en Fjarðarkaup komu ný inn í toppbaráttuna þetta árið.

Óræk sönnun þess að við veitum viðskiptavinum okkar frábæra þjónustu

„Við hjá Fjarðarkaup erum gríðarlega stolt yfir að vera meðal þriggja efstu fyrirtækjanna í Meðmælingu Maskínu 2024. Fjarðarkaup mældist fremst í flokki dagvöruverslana sem er óræk sönnun þess að við veitum viðskiptavinum okkar frábæra þjónustu,” segir Ingibjörg Sveinsdóttir, mannauðs- og markaðsstjóri Fjarðarkaupa og bætir við: „Við þökkum innilega fyrir traustið.”

Hafið fiskverslun í Hlíðasmára kynnir með stolti einn reynslumesta fisksala landsins



Toppmaður! Tómas er mættur til starfa á Hafinu Hlíðarsmára

Tómas Ágústsson er kominn til starfa hjá Hafinu Hlíðarsmára, en Tómas er fyrrverandi eigandi Fiskbúðarinnar Trönuhrauni.

Tommi er því enginn nýgræðingur í þessu fagi, hann er búinn að vera viðlogandi rekstur fiskbúðar foreldra sinna síðan 1986. Hann er því vanur að standa vaktina fyrir aftan fiskborðið og afgreiða fisk ásamt því að verka hann. Síðan 2011 starfaði Tómas með föður sínum Ágústi Tómassyni alfarið við reksturinn en síðustu fimm ár með fjölskyldu sinni konu og börnum.

Enginn smá gæi þessi Tómas!

„Við erum mjög lánsöm að Tommi skildi koma til okkar og við tókum honum fagnandi enda enginn smá veiði í svona gæja,”

segir Bjarki Gunnarsson verslunarstjóri í Hafinu Hlíðarsmára brosandí.

Þegar við spurðum Tómas afhverju hann valdi Hafið var svarið einfalt. „Strákarnir í Hafinu eru toppmenn og eru að gera frábæra hluti. Í Hafinu er fagmenskan í fyrirrúmi og það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast hjá þeim. Þeir eru mjög hugmyndaþir í allri vörubrúun.”

Nú styttest í jólavertíðina og humarinn er kominn í verslun Hafsins, hvað heldur Tómas um sölu á humri og kæstri skötu þetta árið? „Ég á ekki von á öðru en að hún verði góð og jafnvel enn betri en í fyrra. Í ár eru jólin í byrjun vikunar og lofar það oft góðu með sölu á jólavarningi Hafsins,” segir Tómas að lokum.

Bæjarmolar



Vilt þú hafa þitt að segja um fjárhagsáætlun Garðabæjar?

Garðabær leitar til íbúa og kallar eftir ábendingum frá þeim varðandi gerð fjárhagsáætlunar 2025. Ábendingar geta snúið að tillögum til hagræðingar, nýjum verkefnum og verkefnum sem leggja þarf áherslu á.

Íbúar geta sent inn ábendingarnar á sérstakri samráðsgátt sem hefur verið sett upp vegna fjárhagsáætlunargerðarinnar. Þar er hægt að velja mismunandi flokka og setja inn ábendingar varðandi þann málaflokk, einnig er hægt að færa rök og setja inn athugasemdir við tillögur sem búið er að setja inn.

Flokkarnir sem um ræðir:

Umhverfis- og skipulagsmál
Íþrótt- og tómstundamál
Leikskólar og dagvistun
Velferðarþjónusta
Rekstur skattar, stjórnsýsla og álagning
Menningarmál
Grunnskólar
Annað

Opið er fyrir ábendingar til 4. nóvember 2024.

Er komið að grisjun í þínum garði? Vill grenitréð þitt vera jólatré?



Þjónustumiðstöð Garðabæjar auglýsir eftir falletum grenitrjám úr einkagörðum til að nota sem jólatré á opnum svæðum bæjarins. Starfsmenn bæjarins koma á staðinn, skoða tréð og fjarlægja það, lóðareigendum að kostnaðarlausu, ef það getur nýst sem jólatré.

Fyrirspurnum svarar:

Sigurður Hafliðason, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar í síma 820 8587, pósthfang sigurdurhaf@gardabaer.is. Einnig er hægt að hringja í skiptiborð þjónustumiðstöðvar í síma 525 8580.



NATURES AID

AUKIN & ORKA MÝKRI LIÐIR



**Hvert Beetroot hylki jafngildir
4.620 mg af RAUÐRÓFU**



**Glucosamine & Chondroitin
í þínu liði fyrir þína liðheilsu**

Goðsögnin kveður

Daníel Laxdal, leikjahæsti og einn besti leikmaður Stjörnunnar frá upphafi leggur skóna á hilluna

Það verður sjálfsagt tilfinningaþrungin stund á Samsungvellinum á laugardaginn þegar Stjarnan mætir FH í lokaleik Bestu-deildarinnar, því hinn eini og sanni, Daníel Laxdal, goðsögnin í Garðabænum, hefur ákveðið að skella takkaskónum á hilluna eftir leikinn, en Danni varð 38 ára á árinu.

Daníel var aðeins 17 ára er hann lék sinn fyrsta leik fyrir meistaraflokk Stjörnunnar á móti Þrótti Reykjavík þann 6. ágúst 2004 og nú 20 árum síðar, þegar skórnir fara á hilluna þá er Danni orðinn leikjahæsti leikmaður Stjörnunnar, búinn að leika 530 mótssleik með félaginu og skorað í þeim 17 mörk.

Danni, sem hefur allan sinn feril haldið tryggð við uppeldisfélagið sitt hefur átt einstaklega farsælan feril og að öllu jöfnu verið fremstur á meðal jafningja í þessi 20 ár. Danni var í algjöru lykkihlutverki þegar Stjarnan varð Íslandsmeistari árið 2014 og bikarmeistari árið 2018 og hann hefur nokkrum sinnum verið valinn í lið ársins í deildinni. Daníel var heiðraður sérstaklega í ágúst í fyrra þegar hann lék sinn 500 mótssleik fyrir Stjörnuna, en hann er eini knattspyrnumaðurinn sem hefur leikið meiri en 500 mótssleiki fyrir eitt íslenskt félag.

Hef alltaf viljað hætta á mínum forsendum

En hvað segir Daníel sjálfur um þess ákvörðun, er hún búin að vera lengi að gerjast hjá honum og hver er ástæðan að hann sé að setja skóna á hilluna? „Í dag er ég mjög sáttur með þessa ákvörðun. Þetta hefur vissulega verið til umhugsunar hjá mér en að sama skapi hefur ég alltaf viljað hætta á mínum forsendum,” segir Daníel.

Hlakka til að vera ekki skuldbundinn fótbolthanum

Fótboltinn er búinn að fylgja þér allt frá unga aldri, áttu von á að það verði erfitt að segja skilið við hann - skapast ákveðið tómarúm sem erfitt verður að fylla upp í eða tekur eitthvað annað við? „Það verður skrítið að hætta en mér finnst þetta góður tímamunktur að leggja skóna á hilluna, en að sama skapi hlakka ég til að njóta með mínu fólki og vera ekki skuldbundinn fótbolthanum.”

Áttaði mig meira eftir á hvað þetta var mikið afrek og hvað þetta var bilað

En þegar þú ferð yfir þennan 20 ára feril þá toppar sjálfsagt ekkert árið 2014 þegar Stjarnan varð Íslandsmeistari og átti sannkallað Evrópuævintýri eða hvað? „Nei, það gerir það ekki. Þetta var náttúrulega óraunverulegt. Ég áttaði mig meira eftir á hvað þetta var mikið afrek og hvað þetta var bilað. Mér fannst þetta geggjað þegar við vorum að þessu en svo áttaði ég mig meira á því hvað þetta var gjörsamlega magnað. Þegar maður sér myndböndin og stemninguna, sérstaklega hjá stuðningsmönnum þá er stutt í gæsahúðina enn í dag,” segir hann brosandi.

Ég var aldrei að fara að tapa þriðja úrslitaleiknum

Þú varðst líka bikarmeistari árið 2018. Það hefur líka verið eftirminnilegur leikur, stórt að taka bikarinn? „Jú, það er rétt og mjög stórt eftir að hafa tapað tveimur úrslitaleikjum áður. Ég hugsaði alveg að ég er ekki að fara tapa þriðja

úrslitaleiknum í röð. Það var mín hvatning í að klára þetta. Það var ekki séns að ég var að fara tapa þessu,” segir hann en Stjarnan vann Breiðablik í úrslitaleiknum eftir dramtíska vítaspyrnukeppni.

Svektur að vinna ekki tvöfalt árið 2018

Ef þú skoðar liðið sem varð Íslandsmeistari árið 2014 og það sem varð bikarmeistari árið 2018, hvort liðið var sterkara og eru þetta bestu Stjörnuliðin sem þú hefur leikið með? „Þetta voru bæði geggjuð lið, hvort með styrkleika á sinn hátt. Það var reyndar smá svekkjandi árið 2018 að við áttum séns að vinna tvöfalt. Það situr aðeins í mér því við áttum klárlega færi á því.”

Okei ég er að spila Evrópuleik með Stjörnuni

Þú lékst 24 Evrópuleiki fyrir Stjörnuna og það hefur engin leikið jafn margar Evrópuleiki fyrir félagið. En hvaða Evrópuleikur er þér minnstæðastur? „Þegar ég horfði á önnur íslensk lið spila í Evrópu þá langaði mig alltaf að komast í Evrópukeppni fyrir Stjörnuna. Þannig að fyrsti leikurinn á móti Bangor var ákveðið mómment þar sem ég hugsaði „Okei, ég er að spila Evrópuleik með Stjörnuni.” Svo hefur maður verið það heppinn að spila á geggjuðum völlum t.d. Parken, Celtic Park og San Siro. Það að fá að spila með sínu liði á móti svona frábærum liðum á svona geggjuðum völlum, það var extra sætt og að fá að gera það með sínu uppeldisfélagi.”



Danni ásamt Jóna Lax bróðir sínum og fjölskyldu eftir bikarsigurinn á móti Breiðablik árið 2018, en Stjarnan sigraði eftir vítaspyrnukeppni

Það þarf bara að hlusta á þinn eigin líkama

Þú ert orðinn 38 ára, búinn að leika í 20 ára með meistaraflokki, verið einn besti, ef ekki besti varnarmaður deildarinnar á þessum árum, en það hefur komið fram að þér hafi ekkert þótt sérstaklega gaman á æfingum, þú borðar pizzur í öll mál og þér sé illa við að rúlla og fara í ísbað. Er þetta rétt og hvernig hefur þú eiginlega haldið þér í fermstu röð allan þennan tíma? „Ég held að það sé engin rétt formúla. Það þarf bara að hlusta á þinn eigin líkama. Ég rúllaði aldrei eða fór í ísbað því það gerði aldrei neitt fyrir mig, það fer bara eftir persónuleika og leikmönnum. En já vissulega elska ég pizzur, ætli það sé of seint að fá spons frá Pizzunni eða Dominos,” spyr hann og glottir út í annað.

Í grunninn vill ég bara reit og spil En hvað er þetta með æfingarnar, að þér hafi ekki þótt sérlega gaman að æfa, eru þetta smá ýkjur eða eitthvað til í þessu? „Í grunninn vill ég bara reit og

spil. Oft þegar við vorum að taka leiðinlegar æfingar þá skildi ég lokamarkmiðið og lét mig hafa það.”

Mun einbeita mér að verða betri smiður

En hvað tekur við hjá Danna eftir að skórnir eru komnir á hilluna? „Eftir tíma-bilið mun ég taka mér gott frí og eftir það mun ég einbeita mér að verða betri smiður.”

Ég held ég muni klárlega vera eitthvað tengdur Stjörnuni

Og ætlar þú eitthvað að koma að starfi knattspyrnudeildarinnar í framhaldinu eða taka þér góða pásu frá boltanum? „Ég held ég muni klárlega vera eitthvað tengdur Stjörnuni en látum það bara koma í ljós.”

Hvað með þjálfun, sérðu fyrir þér að þjálfra einn góðan veðurdag, þá yngri flokka eða meistaraflokk? „Ég hef alveg hugsað út í það en það verður þá ekki strax. En ég myndi þá líklega byrja í yngri flokkunum og sjá svo til.”

Ég var vissulega sár á einhverjum tímamarki

Eftir að hafa leikið þetta vel á þessum 20 árum, allt frá því að þú komst fyrst inn 17 ára og til dagsins í dag, þá fékkstu aldrei tækifærið með yngri landsliðum Íslands né A-landsliðinu, sem margir kölluðu þó eftir á sínum tíma. Ertu svektur með að hafa ekki náð að leika land-

sleik og varstu stundum ósattur að hafa ekki verið valinn? „Auðvitað dreymir öllum um að spila fyrir landsliðið og ég var vissulega sár á einhverjum tímamarki. Svo var það einn landsleikur á móti Færeyjum þar sem ég var ekki valinn, þá setti ég mér ný markmið og tók þá ákvörðun að einbeita mér alfarið að Stjörnuni og vinna titla fyrir félagið.”

Ef ég hefði fengið tækifæri til að leika erlendis þá hefði ég 100% stökkið á það

Þú hefur allan þinn feril leikið fyrir Stjörnuna, kom aldrei til greina að skipta um félag annað hvort hér innanlands og var atvinnumennskan aldrei á stefnuskránni? „Ég mundi aldrei spila fyrir annað lið en Stjörnuna hérna heima. Ef ég hefði fengið tækifæri til að leika erlendis þá hefði ég 100% stökkið á það.”

Myndað vinatengsl út ævina

Og ef þú lítur til baka, ertu sáttur með ferilinn þinn og hvernig hann þróast



Danni fagnar Íslandsmeistaratitlinum með liðsfélagunum eftir magnaðan 2-1 sigur á FH í hreinum úrslitaleik í lokaumferð Íslandsmótsins árið 2014, en sigurmarkið skoraði Ólafur Karl Finsen úr vítaspyrnu á lokamínútum leiksins

og þann árangur sem þú náðir? „Ég held að ég muni endurspegla ferilinn betur þegar ég er hættur, en auðvitað er mikið að minningum sem sitja eftir og ég hef myndað frábær vinatengsl sem munu endast út ævina.”

Sterk og öflug liðsheilid

En er eitthvað eitt sem hefur einkennt Stjörnuliðið í gegnum öll þessi ár? „Já, ofboðslega sterk liðsheilid, menn samstíga og góður vinskapur og öflugir uppaldir leikmenn sem hafa haldið vel utan um hlutina, hópinn og nýja leikmenn,” segir hann og heldur áfram. „Við höfum alltaf búið að sterkri liðsheilid og vinskapur innan liðsins endurspeglast út á völlinn. Við erum með öflugra uppaldra leikmenn sem leiðbeina yngri leikmönnum og með góða yngri leikmenn sem halda okkur eldri á tænum.”

Ég má nú ekki gleyma að minnasta á árið 2010, en þá sló Stjörnuliðið fyrst almennilega í gegn og hefur sjálfsagt aldrei fengið jafn mikið áhorf og það langt út fyrir landssteinana, en það ár tókuð þið upp á því að fagna öllum mörkum með skemmtilegum hætti. „Já, þetta var ákveðin stemning í liðinu. Byrjaði sem grín en vatt svo upp á sig.”

Alexander Scholz besti erlendi leikmaðurinn

Stjarnan hefur fengið marga öflugra leikmenn til liðs við sig, Íslendinga og útlendinga, það er sjálfsagt erfitt að gera upp á milli þeirra, en hver telur þú að hafi verið besti Íslendingurinn sem Stjarnan hefur fengið og að sama skapi hver er besti erlendi leikmaðurinn sem hefur leikið með Stjörnuni á þínum ferli? „Besti erlendi leikmaðurinn er Alexander Scholz. Ferilinn hans sýnir hvað hann var góður, hann passaði vel inn í hópinn og við höldum ennþá góðu sambandi í dag. Íslenski leikmaðurinn, það er erfitt að velja, Stjörnumenn sem fara út og koma aftur heim í klúbbinn.”

Biðlar til allra Stjörnumanna að mæta á leikinn á laugardaginn og styðja liðið til sigurs

En skórnir eru ekki enn komnir á hilluna, það er stórleikur framundan á móti FH á laugardaginn þar sem Evrópusæti er undir - hvernig list þér á þann leik og það væri sjálfsagt gaman að klára þetta með Evrópusæti? „Það er alltaf gaman að mæta nágrönnum okkar úr FH. Mér lýst vel á þann leik, mikið undir og ég ætla að biðla til allra Stjörnumanna að mæta á þann leik og styðja okkur til sigurs. Drauma niðurstaðan er að ná Evrópusæti og við stefnum ótrauðir að því.”

Hlakka til að mæta á leiki í framtíðinni

Og þótt goðsögnin sé að hætta, einn besti leikmaður Stjörnunnar frá upphafi, þá lifir Stjarnan vist áfram, hvað viltu segja um liðið í dag og er framtíðin

björt, styttest í næsta Íslands- og bikarmeistaratitli? „Já, framtíðin er klárlega björt og ég er ánægður með markmið Stjörnunnar í dag, að Evrópusætið sé lágmark,” segir hann að lokum og bætir við: „Ég hlakka til að mæta á leiki í framtíðinni og fylgjast með liðinu,” segir þessi frábæri knattspyrnumaður, goðsögnin í Garðabæ.



Danni í létrri sigurvímu eftir að Íslandsmeistaratitlinn var í höfn 2014

Nokkrar lauflettir til Danna

Ef ekki fótolti hvaða íþrótt hefðir þú þá helst vilja stunda? Ef ég væri með líkamann í það, NFL. Uppáhalds pizzan? Tropical Jalapenio, Sweet Bacon og Southwest sizzle, allt á pizzunni en Suprise á Dominos er líka sterk. Horfir þú mikið á íþróttir í sjónvarpi og hvað þá helst? Já, NFL. Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Pepsi Max Það eru kosningar framundan, hvaða flokkur fær X-ið þitt? Pass Hver er erfiðasti andstæðingurinn? Allir í Inter Hver er uppáhalds íþróttamaðurinn þinn, karl og kona? John Terry og Glódís Perla Hvert er uppáhaldsliðið þitt í enska boltanum? Chelsea Draumabíllinn? Ég er enginn bílakall Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Storage Wars Uppáhalds hljómsveitin þín og tónlistarmaður? Killswitch Engage og Jesse Leach. Ef ekki pizza hver er þá uppáhalds maturinn þinn? Nautalund Íþróttamerkið sem þú fílar mest? Ég á mér ekkert uppáhaldsmerki Hvernig girar þú þig í gang fyrir leiki? Með því að hlusta á eitthvað mjög þungt og gott Silfurskéiðin? Takk fyrir allt, þetta er búið að vera geggjað. Hlakka til að vera með ykkur upp í stúku á næstkomandi árum.

Bókasafnið tekur á sig drungalegri blæ

Hrekkjavökuupplifun á Bókasafni Garðabæjar í lok október



Það verður mikið um dýrðir á bókasafninu Garðatorgi 7 í tengslum við Hrekkjavöku. Bókasafnið tekur á sig aðeins drungalegri blæ. Það er skemmtileg upplifun að ganga inn á safnið þar sem það er skreytt í tengslum við þetta allt saman.

Gestir geta komið auga á kóngulær, leðurblökur og annan óskapnað

„Við hefjum hrekkjavökuhátíðina á laugardaginn 26. október með hrekkjavökuballi. Þar sem boðið verður uppá skuggalega tónlist sem krakkar og aðstandendur geta t.d. dansað við undir skemmtilegri Hrekkjavöku stemningu. Gjöfapokar í boði fyrir öll sem mæta í búning á meðan birgðir endast. Hægt verður að föntra krúttlegan hrekkjavökukött einnig myndir til að líta og þrautir til að leysa,” segir Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar.

Á sjálfan Hrekkjavökudaginn verða tveir viðburðir í boði. Annar er Samvera á foreldramorgni klukkan 10:30 með hrekkjavökuballi fyrir yngstu krílin og þá er um að gera að allir mæti búning, dansi saman við draugalega tóna og njóti samverunnar. „Notaleg samvera yfir undir sterkari

Ásbjörg undirbýr hrekkjavökuna á Bókasafni Garðabæjar

tengsl og jákvæð samskipti milli foreldra og barna þeirra. Börnum er einnig hollt að æfa jákvæð samskipti með jafnöldrum sínum og að sjálfsgöðu er gott fyrir nýbakaða foreldra að hitta aðra í sömu stöðu, bera saman bækur eða bara njóta félagskapsins,” segir hún.

Um kvöldið á Hrekkjavökudaginn, fimmtudaginn 31. október, mun Daggrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur leiða draugagöngu frá bókasafninu í Garðabæ og upp í Minjagarðinn á Hofstöðum. Á leiðinni mun Daggrún segja aðeins frá draugum og þeim ólíku gerðum drauga sem finnast á Íslandi, uppvakningum, afturgöngum, útburðum og fepúkum, auk þess að segja nokkrar vel valdar íslenskar draugasögur. Þá verður einnig farið yfir ýmis praktísk atriði, eins og hvernig má þekkja drauga sem fólk mætir á fömum vegi, að vekja þá upp og losna undan ásóknum þeirra. Öll velkomin, sem þóra!

Höfum gaman saman og njótum hrekkjavökudagskrá bókasafnsins.

Hvetja ráðherra og ríkisvaldið til skjótra svara vegna Vífilstaða

Vífilstaðir - framtíð svæðisins



Eins og sagt var frá í síðasta Garðpósti kynnti Almar Guðmundsson, bæjarstjóri erindi sem sent hefur verið til fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir samráði við Garðabæ um framtíð og skipulag Vífilstaðasvæðisins, þ.m.t. um framtíðarnýtingu fasteigna að Vífilstöðum sem eru í eigu ríkisins.

Björg Fenger fylgdi þessu máli eftir með eftirfarandi bókun á fundi bæjarstjórnar í sl. fimmtudag.

„Vífilsstaðir eru perla í bæjarlandinu með sterka sögulega skírskotun. Svæðið býður upp á margþætta möguleika enda er staðsetningin einstök. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hvetja ráðherra og ríkisvaldið til skjótra svara og góðrar samvinnu um mótun skipulags og framtíðarsýnar um svæðið.”

Bæjarráð fól Almari að fylgja erindinu eftir, þ.m.t. með fundum með þeim ráðherrum sem erindinu er beint að.

Vetrarfjör í IKEA

Lukkuhjól, ratleik, andlitsmálningu, leikhópin Lotta og ýmislegt fleira í IKEA 24. og 25. október

IKEA fangar um þessar mundir SKOGSDUVA, nýrri og ævintýralegru vörulínu, með ævintýrlegu vetrarfjöri að hætti IKEA!

Vetrarfjör IKEA stendur yfir dagana 24. og 25. október þar sem boðið verður upp á alls kyns uppákomur og leiki; lukkuhjól, ratleik, andlitsmálningu, leikhópin Lotta og ýmislegt fleira!

Vetrarfjör í IKEA - dagskrá

- 24. - 25. október**
Kl. 11-20
Vilt þú vinna 10.000 kr. inneign í IKEA? Taktu þátt í ratleik um verslunina.
Kl. 11-20
Komdu að líta! Litastöð í barnadeild.
Kl. 12-16
Andlitsmálning í anddyrinu.
Kl. 12-12:30
Leikhópurinn Lotta með sýningu á efri hæð.
Kl. 12:30-16
Blaðrarinn gefur börnum blöðrudýr.
Kl. 12:30-16
Leikhópurinn Lotta verður á sveimi um verslunina og gefur börnum nammi.
Kl. 12-16
Freistaðu gæfunnar í lukkuhjólunni. Ýmsir vinningar í boði!



26. - 27. október
Kl. 11-20
Vilt þú vinna 10.000 kr. inneign í IKEA? Taktu þátt í ratleik um verslunina.

Veitingastaður
Frír ís fylgir öllum barnamáltíðum á veitingastað frá 22.- 27. október.

Fengu fræðslu undir nafninu Fokk me – fokk you

Samskipti, skýr mörk og samfélagsmiðlar í Hofstaðaskóla

Í síðustu viku fengu nemendur í 6. bekk Hofstaðaskóla fræðslu um samfélagsmiðla, samskipti og að setja mörk í samskiptum. Þau Kári Sigurðsson og Andrea Marel sáu um fræðsluna undir nafninu Fokk me – fokk you.

Fræðslan byggir á margra ára reynslu af starfi með ungu fólki, samtölum við börn og unglinga, fyrirspurnum, reynslusögum og skjáskotum frá ungmennum. Rætt var um þá þætti sem hafa áhrif á mótun sjálfmyndar og nemendur vaktir til umhugsunar um hvað það er sem hefur áhrif á okkur frá degi til dags. Farið var inn á mikilvægi virðingar í samskiptum hvort sem er að ræða samskipti á samfélagsmiðlum eða í eigin persónu. Einnig var talað um að virða sín mörk og annarra, farið yfir



algengar birtingarmyndir neikvæðra samskipta, áreitni og ofbeldis á stafrænu forni og bent á leiðir til bregðast við slíku. Þetta viðfangsefni er þarft að ræða við nemendur og kennarar munu gripa boltann og halda umræðunni áfram innan hvers bekkjar.

eignaumsjon.is

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023 Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Válgættuðun

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

HAUST

RESTAURANT

GLÆSILEGA AMERÍSKA JÓLAHLAÐBORÐIÐ SNÝR AFTUR.

BIG AMERICAN

★ ★ ★ ★ ★

Christmas buffet

Njóttu jólanna með fjölskyldu og vinum á veitingastaðnum Haust Restaurant.

Graskerssúpa, sætkartöflumús með sykurpúðum, jólasíld, hunangsljáður svínahryggur, jólahús fyrir börnin, kleinuhringjabar, kalkúnn, nauta Wellington, innbökuð hnetusteik, pekanpæ og margt fleira.



15.900 kr.*

fimmtudags- til laugardagskvöld

11.900 kr.*

sunnudags- til miðvikudagskvöld

*Frítt fyrir 5 ára og yngri
og hálfvörð fyrir 6-12 ára



Jólabrunch

Alla fimmtudaga
– sunnudaga frá
15. nóvember

7.900 kr.*

Glæsilegt
Jólahlaðborð
Öll kvöld frá
14. nóvember
til og með
1. janúar

Bókaðu borð á haust@haustrestaurant.is
Sjá nánar á haustrestaurant.is

Haust Restaurant | Fosshótel Reykjavík | Þórunnartúni 1



Sex Stjörnustúlkur í sigurliði Íslands á Evrópumeistaramótinu í hópfirmleikum í Bakú



Í Evrópumeistaraliði Íslands í hópfirmleikum voru sex stúlkur úr Stjörnunni. Myndirnar tók Agnes Suto

Kvennalið Íslands keppti til úrslita á Evrópumótinu í hópfirmleikum sl. sunnudag í Bakú og gerði sér lítið fyrir og varð Evrópumeistari, en í 12 manna landsliðshópi voru 6 stelpur úr Stjörnunni. Þær eru Andrea Sif Pétursdóttir, Ásta Kristinsdóttir, Halla Sóley Jónasdóttir, Helena Clausen Heidmundsdóttir, Laufey Ingadóttir og Tinna Sif Teitsdóttir. Næst inn í landsliðið var Tinna Ólafsdóttir úr Stjörnunni.

Stelpurnar í íslenska kvennalandsliðinu mættu með trompi á fyrsta áhald og gerðu sér lítið fyð fyrir að lenda öll stökkin og fengu 18.250 stig fyrir dýnuna, 0.650 hærra en sænska liðið sem er stærsti keppinautur þeirra. Flugeldasýningin hélt áfram á trampolínum, en stelpurnar gáfu ekkert eftir og lentu öll stökkin. Þær enduðu daginn á glæsilegum gólfæfingum þar sem þær hækkuðu sig um 0.650 stig frá undanúrslitum.

Kvennalið Íslands vann Evrópumeistaratiðilinn síðast 2021 og þar áður 2010 og 2012. Baráttan um titilinn hefur verið á milli Svíþjóðar og Íslands um árabil.

Stelpurnar unnu bæði dýnuna og gólfæfingarnar og má segja að það hafi tryggt þeim sigurinn. Svíar lentu í öðru sæti aðeins 0.450 stigum á eftir Íslandi og Noregur tók þriðja sætið, sem þýðir að Danmörk er ekki á palli í kvennaflokki í ár.

Stjörnustúlkurnar Ásta og Laufey í úrvalsliðinu á Evrópumótinu

Þá voru Stjörnustúlkurnar Ásta og Laufey valdar í úrvalslið mótsins sem er frábært árangur, en alls ekkert nýtt fyrir Ástu því þetta er þriðja árið í röð þar sem Ásta er í úrvalsliðinu á Evrópumótinu í hópfirmleikum. Hún komst í úrvalsliðið fyrir stórfenglegar æfingar sínar á dýnu. Ásta er



Evrópumeistarar í unglínaflokki blandaðra en í því liði átti Stjarnan 6 fulltrúa



Stúlknaliðið tók bronsið á Evrópumótinu með 3 fulltrúa frá Stjörnunni



Drengjaliðið lenti í 4. sæti á mótinu og sex piltar í liðinu eru í Stjörnunni




Stjarnan átti sex fulltrúa í blönduðu liði fullorðinna en liðið endaði í 5. sæti

fyrsta íslenska konan til að framkvæma stökk í framumferð á dýnunni, heil sknúfa krafstökk tvöfalt heljarstökk með hálfum snúningi.

Laufey komst í úrvalsliðið fyrir magnaðar æfingar sínar á trampolíni. Þetta er í fyrsta Evrópumót Laufeyjar í A landsliðinu og má því segja að þetta sé frábær árangur hjá henni.


Andrea Sif fyrsta konan til að keppa á sex Evrópumótum í fullorðinsflokki

Þess má gera að Andrea Sif náði þeim merka áfanga að keppa á sínu sjötta




Andrea Sif er fyrsta konan til að keppa á sex Evrópumótum í fullorðinsflokki

Evrópumóti í fullorðinsflokki og er fyrsta konan til þess að keppa á sex Evrópumótum. Hún á þó metið með Anders Winther frá Danmörku, sem hefur einnig keppt á sex Evrópumótum í fullorðinsflokki. Andrea segist vera mjög stolt af titlinum. Þetta er þriðji Evrópumeistaratiðillinn hennar, hún hefur unnið einu sinni í U18 og tvisvar sinnum með A landsliðinu, sem er ótrúlegur árangur. Hún segir þetta alltaf vera jafn gaman og tilfinninguna vera ólýsandi. „Það er geggjað að ná þessu í fyrsta skiptið og gera þetta aftur og aftur það er eitthvað annað. Það er ekkert sem lýsir því að ná markmiðinu sínu og maður er búinn að vinna svo lengi að þessu og allt er einhverveginn þess virði,“ segir Andrea á vef fimeikasambandsins.



Stjörnukonan Andrea Sif Pétursdóttir



Stjörnustúlkurnar, Laufey og Ásta voru valdar í úrvalslið Evrópumótsins

Úrvalsliðið var í fyrsta sinn tilkynnt á Evrópumótinu, sem haldið var á Íslandi 2014, en ásamt Ástu hefur Stjörnukonan Andrea Sif verið valin þrisvar sinnum og Kolbrún Þöll Þorradóttir úr Stjörnunni hefur gert enn betur því hún var alls valin fjórum sinnum í úrvalsliðið.

Hér eru Íslendingar sem hafa verið valin í liðið síðustu ár:

- 2014: Solla, Andrea Sif og Kolbrún Þöll
- 2016: Andrea Sif, Kolbrún Þöll og Valgerður
- 2018: Andrea Sif, Kolbrún Þöll og Norma Dögg
- 2021: Helgi, Ásta og Kolbrún Þöll
- 2022: Ásta og Bryndis
- 2024: Ásta og Laufey

Ísland Evrópumeistari í unglínaflokki blandaðra

Ísland varð einnig Evrópumeistari í unglínaflokki blandaðra. Landsliðið var skipað 12 einstaklingum og af þeim voru sex fulltrúar úr Stjörnunni, Hildur Lilja Amarsdóttir, Kristín Lí Hjartardóttir, Lilja Karítas Sigurðardóttir, Bjartur Blær Hjaltason, Jóhann

Darri Harðarson og Örn Amarson. Næst inn í landsliðið voru þau Bjarney Halla Viðarsdóttir, Axel Björgvinsson og Sverrir Björgvinsson öll úr Stjörnunni.

Stúlknaliðið vann til bronsverðlauna eftir harða baráttu við Svíþjóð og Danmörku. Stjarnan átti þrjú glæsilega fulltrúa í stúlknaliðinu, Ástu Katrínu Grétarsdóttur, Gígu Dögg Amarsdóttur og Sögu Áskeldsdóttur.

Stjarnan átti sex fulltrúa í drengjalandsliðinu sem endaði í 4. sæti. Þeir eru Alexander Úlfur Jónsson, Axel Björgvinsson, Brynjar Sveinn A. Björgvinsson, Hákon Árni Heiðarsson, Mateusz Markowski og Sverrir Björgvinsson.

Í blönduðu liði fullorðna átti Stjarnan sex fulltrúa í landsliðinu, en liðið endaði í 5. sæti. Stjörnurnar eru Telma Ösp Jónsdóttir, Helgi Laxdal Aðalgeirsson, Jóhann Gunnar Finnsson, Júlían Máni K. Rakelarsen, Magnús Indriði Benediktsson og Markús Pálsson. Næst inn voru Eva Bjarkey Þorsteinsdóttir og Örn Frosti Katrínarson úr Stjörnunni.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Tíminn hjá Stjörnunni er búinn að vera einstakur

- segir varnarjafninn Þórarinn Ingi Valdimarsson sem leikur sinn síðasta leik með Stjörnunni á laugardaginn



Tóti (l.v.) fagnar bikarmeistaratitlinum ásamt Brynjari og liðsfélögum sínum í Stjörnunni árið 2018

Varnarjafninn Þórarinn Ingi Valdimarsson leikur sinn síðasta leik með Stjörnunni á laugardaginn á móti FH eins og fram kemur á forsíðunni.

Þórarinn lét strax mikið af sér kveða eftir að hann kom árið 2018 og hjálpaði Stjörnunni að vinna sinn fyrsta bikarmeistaratítill, en fyrir átti þessi grjótharði og skemmtilegi Eyjamaður tvö Íslandsmeistaratitla fyrir sem hann vann með FH árin 2015 og 2016.

Garðapósturinn sló á þráðinn til Tóta eins og hann er ávallt kallaður.

Hafði samband við Dúlluna

Ef við byrjum aðeins á upphafinu, hvernig kom það til að þú komst til Stjörnunnar árið 2018? „Ég var ekki að fá þær mínútur sem ég vildi í byrjun tímabilsins hjá FH. Þá tók ég gott spjall við minn mann, Dúlluna sem var þá í vinnu hjá Stjörnunni. Hann var fljótur að heyra í Victor Olsen og það var klárað á innan við sólarhring ef ég man rétt.“

Alvöru karakterar í Stjörnuliðinu

Og það var strax talað um að þú hefðir haft mikil áhrif á stemninguna innan liðsins, látið vel í þér heyra og verið

hvetjandi? „Sko, þegar ég kem árið 2018 er Stjarnan með mjög massíft lið. Leikmenn voru alvöru karakterar og var blandan hrikalega góð. Það er kannski í seinni tíð þegar ungir og efnilegir leikmenn koma upp að þá er ég í þessu til þess að hjálpa þeim að verða betri.“

Kvöld sem seint gleymist

Og þú hittir heldur betur á árið sem þú komst því þið lönduðu bikarmeistaratitli á þínu fyrsta ári, eftirminnilegur leikur? „Já heldur betur, það er kvöld sem mun aldrei gleymast. Það sem gladdi mann mest var að gera þetta fyrir stuðningsmenn Stjörnunnar og með liðsfélögum sínum.“

Samstaða og metnaður einkennir Stjörnuna

En segðu mér hvernig hefur tíminn verið hjá Stjörnunni? „Tíminn hjá Stjörnunni er búinn að vera einstakur og er ég þakklátur fyrir að vera partur af fótballasögunni hérna. Það sem einkennir félagið er samstaða og metnaður. Þetta er alltaf bara fótballi inn á vellinum sjálfum en munurinn liggur í framtíðarsýn innan félagsins. Stjarnan er ekki bara að horfa á 1-2 ár eins og vill oft til í fótballi á Íslandi. Hér er verið að horfa á eitthvað stærra og meira.“ segir Tóti.

Er ekkert endilega að hætta í fótballinum

En hvað kemur til að þú sért að hætta, ert 34 ára, sem er ekkert sérstaklega háraldur fyrir knattspyrnumenn í dag? „Ég hef svo sem ekkert gefið út að ég sé hættur þannig séð, en minn tími í Stjörnuliðinu er bara kominn á enda. Nú tekur bara frí við hjá manni og ef það kemur einhver löngun hjá mér eftir það skoða ég það síðar.“

En hvað tekur við hjá Tóta ef þetta verður síðasti leikurinn? „Það mun bara koma í ljós, nú er það bara fókus á fjölskylduna og heimilislífið. Við erum búsett í Garðabæ og munum vera hér áfram. Það er fínt að komast kannski í sumarfrí yfir sumartímann ef ég enda á því að hætta alveg.“ segir hann brosandí.

Stjörnuhjartað orðið stórt og mun halda áfram að stækka

Og eiga stuðningsmenn Stjörnunnar ekki eftir að sjá Tóta mæta á Samsungvöllinn á næstu árum - kominn með létt Stjörnuhjarta? „Það er 100%. Ég mun fylgjast vel með og styðja liðið. Ég get líka ekki sleppt takinu alveg á kjúllunum, þarf að rífast í þeim og láta þá aðeins heyra það við og við. Stjörnuhjartað er orðið stórt og mun halda áfram að stækka.“ segir Tóti að lokum.

Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2025

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is (undir Sjóðir & nefndir).

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á <https://reykjavik.is/husverndarstofa>).



Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 5701300 (beinn sími húsafriðunarsjóðs er 5701307)

www.minjastofnun.is

húsafriðunarsjodur@minjastofnun.is

Vefmiðill Garðapóstsins kpg.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Takið vel á móti fermingarbornunum

Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 5.- 8. nóvember.



Hjálparstarf kirkjunnar

Vetrarfjör í IKEA

Við fögnum SKOGSDUVA, nýrri og ævintýrlegri vörulínu, með ævintýrlegu vetrarfjóri að hætti IKEA! Vetrarfjör IKEA stendur yfir dagana 24. og 25. október þar sem boðið verður upp á alls kyns uppákomur og leiki; lukkuhjól, ratleik, andlitsmálningu, leikhópin Lottu og ýmislegt fleira!

Skoðaðu dagskrána á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Nýtt

SKOGSDUVA
áklæði á koll

1.450,-

Verslun opin kl. 11-20 alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



SKODA

Nýr Kodiaq



Škoda Kodiaq

2.0 dísel / sjálfskiptur / 2.3 tonna dráttargeta
Tengiltvinnútgáfa með allt að 118 km drægni*

Verð frá 9.290.000 kr.

5
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

5 ára ábyrgð eða 100.000 km
(hvort sem kemur fyrr)

Nýr Škoda Enyaq 85x

Kraftmeiri, betur búinn og með meiri drægni
en áður. Drægni allt að 536 km*.

Verð frá: 7.990.000 kr.
(Með styrk úr Orkusjóði)

5
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum



*skv. WLTP

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. _ Sími 590 5000 _ www.hekla.is
Höldur Akureyri _ Bílasala Selfoss _ Bílakjarninn Reykjanesbæ



SAMSUNGVÖLLUR
26. OKTÓBER // 16:15



#10

#9

#15



SÍÐASTI DANSINN